

- 1 -

Skýrsla um skógræktina á Hallormsstað, umdæmi V 1934.

Skógurinn: Höggvið hefur verið á eftirtöldum skógarteigum og í hverjum þeirra sem hér segir.

A. No.		Hrís.	Efniv.
2.	Vörðuhrauni	34.00	12.50
- 3.	Svæðinu milli Atlavíkurl. og Kerlingarár.	56.00	11.50
- 4.	Svæðinu milli Kerlingarár og Staðarár.	166.00	
- 5.	Hólunum	404.00	29.40
- 6.	Flataskóginum	25.00	
- 7.	Lýsishólum	185.00	
- 8.	Partinum	144.00	
<u>Samt.</u>		<u>1,014.00</u>	<u>26.40</u>

Ársvöxturinn: Á þessu s.l. sumri var vöxturinn með minnsta móti, sökum maðks á skóginum. Sumarið var í heild sinni hlítt og miklir hitar hér í júnimánuði, og fram til 12. júlí. Fylgdi hitanum sólskyn á hverjum degi. Eftir miðjan júlí komu þykkviðri og úrfelli nokkur fram til septemberbyrjunar, þá tók að rigna með afbrigðum. En hlýindi hældust allt sumarið út. Þrátt fyrir þessa ágætu gróðrar-tíð, var stöðvun á vextinum af fyrrgreindri orsök.

Maðkur: Hann gerði mikla árás, en ekki óvænta, því á honum bar talsvert í fyrra. Má sannlega telja að hann hafi náð hástigi í sumar og verði í rénum á næsta sumri, og verði horfinn 1936. Seint í júní var skógurinn lauflaus og brúnn tilsýndar sem á vetrar-degi. Árásin var ekki slæm allstaðar í skóginum. Efst í skóginum bar lítið á maðki og nýgræðingur komst hjá mikilli árás, þó var það nokkuð misjafnt. Á ribsí bar einnig nokkuð á maðki seinna á sumrinu.

Þegar á leið sumarið grænkuðu tré þau er sölnuðu, en vöxturinn er sama og enginn á þessum trjám og yfirleitt mjög lítill. Hinsvegar mun brum hafa þroskast svo að enginn hætta er á kali eða útkulnun.

Fræsöxtur varð enginn, sem vanta mátti, einnig vegna maðksins. Berjavöxtur var hinsvegar talsverður, einkum á ribsí og bláberjalyngi.

Barrtrén í skóginum tóku ágætum framförum, ársvöxtur á þeim var þessi. Skógarfura 50 cm. Blágreni 60 cm. Barrfelli (*Larix sibirica*) 70 cm.

Girðingin: Bilanir frá vetrinum voru ekki miklar. Staurar þurftu ekki endurnýjunar sem teljandi var. Vír er farin að rybga sumstaðar og má búast við að endurnýja þurfi gaddavír á köflum, innan margra ára.

Hliðið að neðanverðu hjá Hafursá var endurnýjað áð stólpum til, en grindur eru þar sömu. Stólparini og grundvöllurinn undir þeim og öllu hliðinu var steypdur með járnbenntri steypu. Stólparnir eru 32 x 36 cm. og þola ákeyrslu án þess að raskast.

Dílar brutu annan járnstaurinn sem fyrir var í hliðinu, og því varð að endurbæta hliðið. Það var einnig flutt dálítið til í samræmi við nýjan veg að brú sem sett var á Hafursá.

Græðireiturinn: Sáð var þessum tegundum:

1. Lauftrjám:

- a. Birki úr skóginum hér. ca. 5 kg.
- b. Reynifræi úr Öræfum, Skaptafelli og hér ú skóginum. - 3 kg.

2. Barrtrjám:

a. Picea sitkaensis	50 gr. frá Skovfrökantoret.
b. Picea pungenhlauca	20 - - - - -
c. Pínus contorta	20 - - - - -
d. Pseudotsuga Douglasis	50 - - - - -
e. Pínus bauksiana	25 frá Ameríku. - - - - -
f. Pínus poudensa	25 - - - - -
g. Pocea pungens	30 - - - - -
h. Black Hills Spruce	25 - - - - -

Aðlt fræið kom samilega vel upp, þó kom reynifræið ekki upp á þessu ári, enda þótt það lægi í votum sandi allan fyrra vetur.

Útgrætt (prikað) í græðireitnum:

Birki	8.600 plöntur.
Reynir	1.800 - -
Víðir	400 - -
Ribs	450 - -

Samtals: 8.650 plöntur.

Seldar voru úr græðireitnum:

Birki	4.981 - -
Reynir	487 - -
Víðir	240 - -
Barrfelli	12 - -
Fura	21 - -

Seldar úr græðireitnum framh.

Greni 18 plöntur

Ribs 32 - -

Alls: 5.791 - -

Sendar skógræktarstjóra og Þorsteini Konráðssyni (?)

Birki 500 plöntur.

Reynir 50 - -

ribs 100 - -

Alls látnar. 6.441 - -

Selt úr skóginum: 164 - -

Sendar skógræktarstjóra 300 - -Samt. látnar út. 6.905 plöntur.

Vöxturinn í græðireitnum var yfirleitt mjög góður. Fræplönturnar frá fyrra stóðu með blóma, enda var veðrið fremur gott og sumarið hlýtt. Reynifræði frá í fyrra kom vel upp í flestum beðunum og tók góðum framförum og einnig birkiplönturnar. Furu, greni og barrfelliplönturnar frá þ. ári eru flestar hæfar til útgræðslu á næsta vori.

Ryðsveppur gerði vart við sig á l/o birki, var haldið í skefjum með blöndu af Nikotínsulfh. og carboliníum frá Beru í Bergen.

Samskonar vökvi var einnig notaður á greni og furuplöntur frá í vor. Þar bar á skorkvíkindi sem stýfði plönturnar við rótarhálsinn. Sennilega Grauens serte Rodborer (Hylastex cemikolon) Fyrus serte Rodberer Hylastec aler, sbr. Niels Friz, den skøden lige danske Naaletresinsekter Kaupmannahöfn 1892. Gæti eftir lýsingu þessari hafa verið hvortveggja. Þessi teg. hefur líklega flutzt með fræum.

Byggingar: Í sumar byggði ég heyhlöðu, með steiptum veggjum og járnþaki, áfast við fjós og hesthús. 7 x 12 metrar, veggj. 4:5 metrar, rishæð 1.87 metrar. Rúmtak um 400 teningsmetrar. Atti að tuma um 400 hesta. Fvæf torfbliðar sem voru undir járninu voru komnar að falla að veggjum og niður. Járnid af þeim var nóg á nýju hlöðuna. Útlagður kostnaður kr. 1.474. Hef sent skógræktarstjóra reikning yfir þessa byggingu ásamt greinargerð og fer fram á greiðslu þessara kostnaðar. En auk þess tilfarða kostnaðar hef ég lagt í bygginguna frá sjálfum mér um 110 dagv. manna og 60 dagv. hesta. Auk þess var vinnumaður skógræktarinnar wa. 40

daga að byggingunni.

Jarðarbót þessa taldi ég sjálfsagða, þar sem dýrt hefði orðið að endurbæta gömlu hlöðunna. En þessi nýja hláða er veruleg jarðarbót og hækkar að mun verðgildi húsanna á jörðinni.

Ferðir fór ég engar á árinum.

Þórhallur Jónsson í Sandfelli í Örfum safnaði dálitlu af reynifrái fyrir mig og 6.5 kg. af þurrkuðu birkifræi. Kostnaður við það er færður á græðireitinn.

Hallormsstað 12. janúar 1935.
Guttormur Pálsson.